



Apríl 2025

Margar íslenskar prentsmiðjur hafa á undanförunum árum og í raun áratugum frestað því að uppfæra tæki, vélar og hugbúnað vegna þess hve dýr þessi búnaður er.

Íslenskur prentiðnaður á undir högg að sækja vegna erlendar samkeppni og ein af ástæðum þess hve hörð þessi samkeppni er, er sú staðreynd að prentsmiðjurnar þær eru að keppa við eru stórar, þannig að þær ná fram stærðarhagkvæmni og eru þess utan búnar nýjustu vélum, tækjum og hugbúnaði til að hámarka sjálfvirkni, hraða, gæði og stöðugleika í framleiðslu, á meðan íslenskar prentsmiðjur hafa margar ekki náð að endurnýja tæki, vélar og hugbúnað og hafa þannig smátt og smátt dregist aftur úr.

Til að reyna að halda í viðskiptavinum hafa íslenskar prentsmiðjur því frekar lækkað verðin, sem hefur einfaldlega lækkað framlegð þeirra, sem aftur gerir þeim enn erfiðara að uppfæra vélar, tæki og hugbúnað sem hefði ella getað aukið framlegð og jafnvel gert þeim kleift að stækka og eflast til að standast samkeppni.

Eins og margir sjálfsagt vita þá hef ég alla tíð lagt áherslu á að bjóða upp á lausnir frá forystufyrirtækjum hvers tíma í sínum geira. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að bjóða lausnir sem gera prentsmiðjum kleift að prenta í lit samkvæmt ISO 12647 staðlinum, sem er sá staðall sem erlendar prentsmiðjur styðjast almennt við í litprentun.

Notkun staðalsins hér á landi hefur fram til þessa verið í mýflugumynd og reynt hefur verið að skauta framhjá honum með því að láta auglýsingastofur skila öllum verkefnum inn í RGB sniði og prentsmiðjur einfaldlega látnar um að prenta eins fallega og þær geta, hver með sínu nefi án þess að gerð væri sérstök krafa um að þær biðu upp á prentun skv. ISO 12647 fyrir umbeðna pappírsgerð.

Þetta þýðir í raun að íslenskar prentsmiðjur geta almennt ekki boðið í verkefni hjá stærri fyrirtækjum þar sem gerð er krafa um prentun skv. ISO 12647 staðlinum.

Stærri fyrirtæki eru oft með samninga við margar prentsmiðjur í mörgum löndum og þau gera eðlilega kröfu um einsleitni í lit á milli prentsmiðja, prentaðferða og á milli landa og þar er ISO 12647 almennt grunnskilyrðið fyrir 4 lita prentun.

Spot-Nordic býður nú íslenskum prentsmiðjum upp á nýja leið til að uppfæra vélar, tæki og hugbúnað sem teljast nauðsynleg til að keppa við þá bestu. Verð hér að neðan miðast við gengið 150 á Evru.

Mér er mikil ánægja að kynna nýja þjónustu hjá Spot-Nordic sem við köllum **Pay & Play**.

Við bjóðum íslenskum fyrirtækjum í prentiðnaði nú upp á langtímaleigu eða greiðsludreifingu á heimsklassa tækjum og hugbúnaði sem eru ætluð til að auka framleiðni, gæði og einsleitni framleiðslunnar

Lágmarks leigutími er 48 mánuðir. Í tilfalli tækja er hægt að skipta tækjum út fyrir ný eftir 48 mánaða leigu og framlangja í aðra 48 mánuði. Engin útborgun er innheimt þegar tækjum er skipt út fyrir ný. Mánaðarleiga er einfaldlega greidd en hafi orðið breytingar á verðum á viðkomandi tæki þá getur það haft áhrif til smávægilegrar hækkunar eða lækkunar.

Eftirfarandi birgjar taka þátt í átakinu með okkur:

**Cherlyn** (Pantone vogir).

**Digital Information** (InkZone forstilling á litagjöf og stjórnun á litagjöf fyrir offset prentvélar).

**TECHKON** (Density og Spectromælar, handvirkir og litaborðalesarar).

Áhugasamir vinsamlega hafið samband við Inga Karlsson hjá Spot-Nordic í síma 896 9790 eða sendið tölvupóst á [ingi@spot-nordic.com](mailto:ingi@spot-nordic.com).

Nánari upplýsingar um hvað er í boði er að finna á eftirfarandi síðum.

■ ■ 40% 80%  
**SPOT**  
**Pay&Play**  
with the big boys



**PANTONE Formula Scale 3 Printshop LC**

**Hámarksblanda: 1 kg  
Nákvæmni: 0.1 gr.**

**Innbyggð:**

**PANTONE FORMULA GUIDE - nýjasta útgáfan (2.390 litir)**

**PANTONE FORMULA GUIDE - gömlu grunnlitirnir (2.167 litir)**

**PANTONE METALLICS (655 litir)**

**PANTONE PASTELS & NEONS (210 litir samtals)**

**Verð kr. 399.000 án vsk staðgreitt - eða**

**Pay&Play**

**Kr 13.490 án vsk á mánuði**

Uppfærslukort með nýjum litum eru innifalin á leigutímanum.

Lágmarks leigutími er 4 ár.

Nánari upplýsingar um þær Pantone vogir sem í boði eru á vefsíðunni <https://spot-nordic.com/vogir/>

40% 80%

# SPOT

## Pay&Play

with the big boys



**Digital Information (InkZone)** forstilling á litagjöf og Closed Loop litamæling, sjálfvirk mötun lita inn á alla prenturina sem tryggir fullkomna litastjórnun fyrir offset prentvélar, nýlegar og eldri frá helstu prentvélaframleiðendum s.s. Heidelberg, Man Roland, Komori og KBA af öllum stærðum, ásamt gæðabókhalði (IZ Report) og stillingu á prentkúrvum (TVI). Við bjóðum TECHKON litaborðamæla með InkZone lausninni.

Digital Information er svissneskt fyrirtæki sem hefur verið á markaði síðan um síðustu aldamót. InkZone kerfi hafa gefið góða raun hérlendis og erlendis. Sjá nánari upplýsingar um InkZone [hér](#).

*Við bjóðum nú InkZone vél-og hugbúnað ásamt TECHKON mælum með 6 mánaða Pay & Play greiðsludreifingu, sem þýðir í raun að sparnaður sem næst almennt með þessum hugbúnaði í formi pappírs- og tímasparnaðar dekkar í flestum tilfellum afborganir af hugbúnaðinum.*

25% þarf að greiða út við pöntun, 25% má greiða 2 mánuðum eftir uppsetningu, 25% greiðast 4 mánuðum eftir uppsetningu og síðustu 25% greiðast 6 mánuðum eftir uppsetningu.

Verð á InkZone forstillingu á litagjöf fyrir offset prentvél er frá kr. 1.990.000 án vsk fyrir fyrstu prentvél og síðan kr. 1.190.000 án vsk pr. prentvél eftir það. Það leggur sig út á kr. 332.000 án vsk á mánuði fyrir fyrstu prentvél og kr. 198.400 á mánuði fyrir hverja prentvél eftir það - í 6 mánuði eða þar til kerfið er að fullu greitt.

Eðlilegur mánaðarlegur sparnaður með góðri forstillingu ætti að vera á bilinu kr. 250.000 - 1.000.000 per prentvél (eftir stærð og gerð prentvélar og fjölda inntaka pr. dag).



**TECHKON** mælur hafa reynt afar vel hér á landi eins og annarsstaðar. Við bjóðum bæði DENS density mæla, SpectroDens spectro mæla, SpectroPlate plötumæla sem og SpectroJet og SpectroDrive litaborðalesara á frábærum Pay & Play kjörum.

Við getum nú boðið íslenskum prentsmiðjum þessa vönduðu mæla á eftirfarandi kjörum:

**TECHKON DENS** density mælirinn: Kr. 379.000 staðgreitt

eða langtímaleigu til 4 ára:

**Pay&Play**

Útborgun kr. 79.400 án vsk við pöntun og leiga að upphæð kr. 11.700 án vsk á mánuði frá og með öðrum mánuði.

Eða til dæmis **TECHKON SpectroDens Advanced** hágæða litrófs/spectro mælir: kr. 899.000 án vsk.

eða langtímaleigu til 4 ára:

**Pay&Play**

Útborgun kr.185.100 án vsk við pöntun og leiga að upphæð kr. 30.830 án vsk á mánuði frá og með öðrum mánuði.

Að 4 árum liðnum er mæli skipt út fyrir nýjan mæli sömu gerðar og nýr leigusamningur til 48 mánaða gerður, sé þess óskað. Leiguverð miðast þá við verð nýja mælisins á pöntunardegi.

*Innifalið í leigu er skoðun, yfirferð og endurnýjun ISO vottunar fyrir TECHKON mælinn á tveggja ára fresti.*

Nánari upplýsingar og verð er að finna á vefsíðunni [https://www.spot-nordic.com/islenska/TECHKON\\_2025.pdf](https://www.spot-nordic.com/islenska/TECHKON_2025.pdf)